

Iðnaðarnefnd Alþingis  
22. apríl 2005

**Erindi:**

Orkustofnun (OS) hefur borist í tölvuskeyti frá iðnaðarnefnd Alþingis, dagsett 18.03.2005, yfirlit um helstu atriði umsagna um frumvarp til vatnalaga (frv. til VAL). Athugasemdir þessar eru frá 11 aðilum (þ.á m. OS), en sumar athugasemdir frá mismunandi aðilum lúta að sömu eða svipuðum atriðum og er þá fjallað um þau saman hér á eftir. OS hefur vissar athugasemdir við flest þau atriði, sem þar eru tiltekin. Er þær raktar hér í sömu röð og í tilgreindu yfirliti.

**1. Lögmannafélag Íslands:**

*OS tekur undir þá athugasemd að tala ætti um "formbreytingu" í stað "fyrst og fremst."*

**2. Náttúrurfræðistofnun Íslands (NÍ):** Athugasemdir eru í fimm meginliðum.

**a) Lagst gegn skilgreiningu vatns sem jarðrænnar auðlindar og stjórnsýslulegrar vistunar þess hjá iðnaðarráðuneyti (IVR) og OS:**

Jarðhitavatn sem orkuberi og grunnvatn eru nú þegar skilgreind sem "auðlindir í jörðu" skv. l. 57/1998, en það heiti er leyst af hólmi í frv. til VAL með heitinu "jarðrænar auðlindir." Undir það heiti eru líka felld orkubær vatnsföll skv. frv. til laga um rannsóknir og nýtingar á jarðrænum auðlindum, ("auðlindalaga"), sem liggur nú fyrir Alþingi. Er það í samræmi við raforkulög 65/2003 með síðari breytingum. Stjórnsýsluleg umsýsla með þessum auðlindum er skv. nefndum lögum á hendi IVR, og OS í umboði þess, sem er einnig í samræmi við lög um Orkustofnun 87/2003 og reglugerð um Orkustofnun nr. 308/2004, en þar hefur þegar verið lögfest heitið "jarðrænar auðlindir" í þeirri merkingu, sem hér um ræður, og þá líka fyrir vatn. Þessar hliðar vatnsmála eru þær, sem umrætt frv. til VAL fjallar um, sbr. 1. gr. þess frumvarps. Vatn í þessum skilningi er því nú þegar skilgreint sem jarðræn auðlind og stjórnsýslu þess skipað á þann veg, sem frv. til VAL kveður á og er það ítrekað í nefndu frv. til auðlindalaga.

*Orkustofnun telur því ekki ástæðu til að verða við athugasemdinni*

**b) Lagst er gegn sértækum lögum um eignarhald og umsýslu vatns, áður en fyrir liggur, hvernig vatnatilskipun [EB] verður innleidd:**

Efnisbreyting er í raun ekki á eignarhaldi með frv. til VAL frá lögum 15/1923 (Vatnalög) og 57/1998 (auðlindalög), heldur formbreyting og samantekt á einum stað. Þróun löggjafar og stjórnsýslu hefur verið sú, að umsjón með vatnsauðlindum og vatnafræðilegri hlið vatnamála hefur orðið á forræði IVR og í umsýslu OS, og er ekki gerð breyting á því í frv. til VAL. Vatnatilskipun EB lýtur hins vegar að verndun vatnsgæða, sem er brýn þörf fyrir í iðnaðar- og þéttbýlismenguðum löndum Evrópu. Litið er til vatnalífrikis í tilskipuninni sem gleggsta vísisins fyrir vatnsgæðin og því lögð áhersla á eftirlit með því. Sú umsýsla, sem þar er gert ráð fyrir, lýtur að þessu viðfangsefni. Þau mál eru hérlendis á forræði umhverfisráðuneytis (UMH) og í umsjón Umhverfisstofnunar (UST) og gerir frv. til VAL ekki ráð fyrir breytingum á þeirri skipan. Frv. til VAL fjallar um aðrar hliðar vatnamála, en ekki um vatnsverndun og vatnsgæði og er því hér ekki um skörun að ræða.

*Orkustofnun telur athugasemd þessa ekki eiga við hér og því beri að hafna henni.*

**c) Eignarhaldi á vatni gert of hátt undir höfði og nær að styrkja almannarétt:**

Efnisbreyting er ekki gerð á eignarhaldi á vatni í frv. til VAL. Vægi einkaeignarréttar og almannaréttar er fremur samfélagspólitísk spurning en vatnafarslega fagleg og tekur OS ekki afstöðu til hennar.

*Orkustofnun tekur ekki efnislega afstöðu til athugasemdarinnar*

**d) Ekki rétt að fela OS stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk í þessum málum:**

Sem fyrr segir er þessi tillagða skipan mála í samræmi við gildandi lög og framlagt frv. til auðlindalaga. Sjá og aths. við 35. gr. frv. í grg. með frv., sbr. og lið a) hér að framan. Aðrar stofnanir hafa ekki sambærilegt hlutverk samkvæmt gildandi lögum, nema hvað varðar aðkomu veiðimálastjóra, sem litið er til í frv. til VAL.

*Orkustofnun telur því ekki ástæðu til að verða við athugasemdinni*

**e) Stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk ætti að vera í höndum UST og NÍ:**

Hlutverk NÍ er samkvæmt 4. gr. laga 60/1992 að stunda undirstöðurannsóknir á dýrafræði, grasafræði og jarðfræði landsins og skipulega heimildaöflun um náttúru Íslands. Vatnafræði er þar ekki getið, enda hefur hún stjórnsýslulega verið vistuð annars staðar, eins og fyrr greinir. NÍ hefur heldur ekki sýslað um vatnafræði, né er

þar fyrir hendi nein vatnafræðileg sérfræðipækning, sambærileg við OS. Aðalverkefni NÍ eru skv. sömu grein að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Íslands með því, sem þeim fylgir (staflíður a. - d. og f. - i) og "...að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda með rannsóknum á mati á verndargildi vistkerfa og náttúrurminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna... (staflíður e)... Við mat á verndargildi skal NÍ hafa samráð við UST (staflíður i)." Þessu hlutverki og aðalverkefni NÍ er ekki breytt með frv. til VAL, né fela þessi ákvæði í sér neina þá stjórnsýslu eða eftirlit, sem um er fjallað í frv. til VAL. Aðkoma NÍ að rannsóknum og mati á verndargildi náttúrunnar gæti líka stangast á við slíka umsýslu, sem væri því á svig við fyrrnefnt hlutverk og aðalverkefni NÍ, enda stundar hún hana ekki á öðrum sviðum, þar sem reynsla hennar og færni er þó meiri en á sviði vatnafræða.

*Orkustofnun telur því ekki ástæðu til að verða við athugasemdinni*

Hitt er annað mál, hvort efla bæri NÍ til samfélöra rannsókna á vötnum landsins, sjálfa eða í samstarfi við aðrar stofnanir, eins og á öðrum náttúrufarsþáttum landsins. Vert er að hafa í huga, að NÍ hefur búið um langan aldur við það naum kjör, að hún hefur fram til þessa í fjölda tilfella ekki getað lagt fram úr þekkingarsafni sínu nógu heildstæð og glögg yfirlit um náttúruferla landsins, þegar þess hefur verið þörf, hvort sem er vegna nýtingar náttúrulegra auðlinda, verndargildis náttúrurminja eða upplýsinga fyrir landsmenn og ferðamenn, þrátt fyrir einbeitta viðleitni, þrotlausa ástundun og vönduð vinnubrögð. Á þetta hefur margsinnis verið bent í ýmsum skýrslum og álitum OS undanfarna áratugi. Mætti gjarnan bæta úr þeim vanda, en það verður ekki gert með því að fela NÍ umsýslu, sem er utan við hlutverk hennar og aðalverkefni. Ekki rétti vettvangurinn til að fjalla um vanda NÍ

Hlutverk UST er skv. 6. gr. 1. 44/1999 m.a. "...eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri... (staflíður b)." UST fer í samræmi við það með umsjón með náttúruverndarsvæðum, mat á verndargildi náttúru Íslands og fleira því skylt, fyrir utan umsjón og eftirlit með öðrum þáttum umhverfis, mengunar og hollustu umhverfis þjóðarinnar. Að því leyti hefur UST samkvæmt gildandi lögum eftirlit með aðgerðum, sem geta stefnt umhverfi þjóðarinnar og náttúru landsins í hættu. Ekki er gert ráð fyrir neinni breytingu á þeirri skipan í frv. til VAL. Hins vegar fer UST að öðru leyti ekki með stjórnsýslu eða eftirlit með framkvæmdum á vötnum, hvað varðar tæknilegar ástæður eða með nýtingu vatns. Ljóst er, að OS muni þurfa að hafa náð samstarf við UST vegna stjórnsýslu sinnar og eftirlits um mörg atriði, skv. frv. til VAL, en UST mun þar styðjast við NÍ eftir því, sem við á. Hins vegar er það utan verksviðs UST að sýsla beint um þær hliðar vatnamála, sem hér er rætt um, enda hefur UST ekki gert athugasemdir um þau atriði.

*Orkustofnun telur því ekki ástæðu til að verða við athugasemdinni*

### 3. Kópavogsbær og 10. Samband íslenskra sveitarfélaga: Gerðar eru athugasemdir um tvö atriði.

a) *Takmörkun á réttindum sveitarfélaga varðandi aðgang að landi til nýtingar vatnsréttinda og niðurfelling rúmra heimilda til eignarnáms:*

Um forgangsrétt sveitarfélaga til grunnvatns vegna vatnsveitna á þeirra vegum er fjallað í 15. gr. 1. 57/1998 og um heimildir til eignarnáms þess vegna (vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu) í 29. gr. sömu laga. Ekki er gert ráð fyrir í frv. til auðlindalaga, að þar verði á nein grundvallarbreyting. Fyrir þessum atriðum er því gerð grein í þessum lögum í tengslum við nýtingu og því ekki ástæða til að gera frekari grein fyrir þeim í frv. til VAL umfram eignarréttindin.

*Orkustofnun telur athugasemdina ekki eiga við, þar eð fjallað er fullnægjandi um þessi atriði í l. 57/1998.*

b) *Mælt er á móti skyldu sveitarfélaga til að annast fráveitur "eftir því sem þörf er á" og auknum skyldum vegna þeirra.*

Hér er vísað til ákvæða í l. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem eru á forræði UMH. Í frv. til vatnalaga er hér aðallega um sameiningu ákvæða á einum stað að ræða, sem lagt er til að breyta í nefndum lögum.

*Orkustofnun tekur ekki afstöðu til þessarar athugasemdar.*

### 4. Samtök atvinnulífsins / samtök iðnaðarins: Gerðar eru athugasemdir við fjögur atriði.

a) *Lagt er til, að "minni háttar vötn" verði undanþegin lögunum:*

Skilgreining "minni háttar vatna" í vatnalögum 15/1923 er ekki í samræmi við vatnafræði nútímans, enda afmörkun þeirra gagnvart einhverjum "meiri háttar vötnum" óhjákvæmilega óljós og orkar tvímælis, sem getur leitt til lagaóvissu. Þessi "minni háttar vötn" eru auk þess hluti af hringrás vatnsins, en ekki einhver einangruð fyrirbæri, og eru því liður í miklu meiri vötnum, sem eru viðfangsefni frv. til VAL.

*Orkustofnun telur, af faglegum og tæknilegum ástæðum, ekki efni til að verða við athugasemdinni.*

b) *Ekki þörf á að fella jarðhita og grunnvatn undir lögin:*

Grunnvatn er höfuðuppspretta neysluvatns í landinu (líklega 95 - 97 %) og snar þáttur í vatnsföllum landsins (um 20 %), en það streymir eins og annað vatn um lönd og landareignir og frá einni landareign til annarrar. Það er því óaðskiljanlegur hluti af hringrás vatnsins og verður því ekki skilið frá yfirborðsvatni í umsýslu né eignarhaldi. Sama gildir um jarðhitann, hvað varðar eiginleika hans sem jarðhitavatns, en þeir einir eru til umfjöllunar í frv. til VAL. Gilda þessi viðhorf bæði um eignarhald og skynsamlega nýtingu.

*Orkustofnun telur, af faglegum og stjórnsýslulegum ástæðum, ekki efni til að verða við athugasemdinni.*

c) *Ekki talin þörf á staðfestingu eða eftirliti ráðherra með vatnafélögum:*

Afskipti IVR takmarkast við staðfestingu á samþykktum félaganna. Er það í samræmi við viðfangsefni og verkefni félaganna (vatn og vatnaaðgerðir), en IVR fer með yfirstjórn þessara mála og þar með aðstefnd markmið frv. til VAL (1. gr.), og nær því stjórnun IVR til þeirra, hvað varðar vatn og avatnaaðgerðir.

*Orkustofnun telur að staðfesting IVR á samþykktum vatnafélaga verður að teljast eðlileg í ljósi viðfangsefna þeirra og verkefna.*

d) *Ekki talin þörf á leyfum eða eftirliti OS:*

Leyfi þau, sem OS er ætlað að veita skv. frv. til VAL eru annars vegar leyfi fyrir miðlunarlón, sem eru 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri (23. gr.), og hins vegar leyfi til niðurlagningar mannvirkja (25. gr.). Við afmörkun stærðar miðlunarlóna er tekið mið af náttúruverndarlögum 44/1999, en vötn af þessari stærð njóta sérstakrar verndar skv. þeim. OS hlýtur að hafa samráð við UST vegna slíkra leyfa, en UST sýslar um nefnda vernd. Niðurlagning mannvirkja getur haft umtalsverð vatnafarsleg áhrif, auk þess sem gæta þarf öryggissjónarmiða vegna mannvirkja, sem geta verið hrönnandi og því hættuleg, einkum ef þau fá að drabbast niður án eftirlits.

Um tilkynningarskyldu til OS vegna framkvæmda, og um heimildir OS til að setja skilyrði um þær, er fjallað ítarlega í athugasemdum við 35. gr. í grg. með frv. til VAL. Verður það ekki endurtekið hér, en þörfin á tilkynningarskyldunni byggir á viðfangsefni frv. og því, að framkvæmdir geta haft veruleg og óafturkræf áhrif á vötn og vatnsréttindi annarra, skert nýtingarhagsmuni og almannahag, fyrir utan önnur spjöll, sem þeim geta fylgt. Auk þess er talin þörf á tilkynningarskyldu vegna hlutverks OS skv. l. 87/2003 (um Orkustofnun). Tilkynningarskylda getur tæplega talist mjög íþyngjandi fyrir hinn tilkynningaskylda aðila, en lausung og losarabragur við framkvæmdir getur komið illa niður á mörgum stöðum og hjá mörgum aðilum. OS eru því ætlaðar heimildir til að setja skilyrði um framkvæmdina, m.a. ef þess er talin þörf af tæknilegum ástæðum eða vegna varðveislu nýtingarmöguleika vatnsins. Hér er um heimild að ræða en ekki skyldu og tekið mið af því, að heimild verði ekki beitt, nema að gefnum tilefnum. Framkvæmdir þessar geta verið leyfis- eða eftirlitsskyldar skv. öðrum lögum og af hálfu annarra aðila (skipulags- og byggingarlög 73/1997, náttúruverndarlög 44/1999, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir 7/1998, lög um varnir gegn landbroti 91/2002, lög um lax- og silungsveiði 76/1970 o.fl.). Almannahagsmunir og góð og skipuleg umgengni við vötn og nýtingu þeirra kalla á stjórnsýslu og eftirlit OS með þeim afmarkaða hætti, sem frv. til VAL gerir ráð fyrir.

*Orkustofnun telur því ekki ástæðu til að verða við athugasemdinni*

## **5. Samorka, 9. Orkuveita Reykjavíkur:**

*Bent á, að ástæða sé til að skoða lög um veitustarfsemi heildstætt, svo að sömu lög gildi um allar vatnsveitur:*

Lög um vatnsveitur sveitarfélaga 32/2004 lúta að skyldum sveitarfélaga til að útvega almenningi, heimilum og atvinnufyrirtækjum lífsnauðsynina vatn, eftir því sem kostur er og hagkvæmt verður talið, svo og að rekstraratriðum, sem af því leiðir, og eru þessi mál á forræði félagsmálaráðuneytis. Tengjast þau ákvæðum í l. 57/1998 og frv. til VAL um forgangsrétt sveitarfélaga að neysluvatni vegna vatnsveitna sveitarfélaganna. Fyrir utan ákvæðin um skylduna til að mæta neysluvatnsþörf íbúa sveitarfélaganna eru lög þessi um mörg tæknileg og rekstrarleg atriði sambærileg við t.d. raforkulög 65/2003 með síðar áorðnum breytingum. Því er til álita að hafa heildstæð lög um vatnsveitur, hvað varðar tæknilegar og rekstrarlegar hliðar þeirra (sama gildi um hitaveitur). Eignarréttarleg atriði varðandi neysluvatnsauðlindina og aðgang að henni væri þá að finna í vatnalögum (ef frv. til VAL verður að lögum) og l. 57/1998 (auðlindalögum), svo að hugsanlega mætti fella ákvæðið um skyldur sveitarfélaga til vatnsveitna inn í t.d. almenn lög um sveitarfélög. Slík heildarskoðun snertir að visu ekki frv. til VAL beint.

*Orkustofnun telur ástæðu til að taka undir þessa athugasemd um heildstæða skoðun á lögum um vatnsveitur (og hitaveitur).*

**7. Veiðimálastjóri:** Gerðar eru athugasemdir við tvö atriði.

**a) Lítið tillit til áhrifa vatnsveitna á lífríki og fiskitegundir:**

Skv. 43. gr. 1. 76/1970 ( um lax- og silungsveiði) skal veiðimálastjóri láta fara fram líffræðilega úttekt á veiðivötnum, ef hætta er á, að þau spillist vegna töku jarðefna úr þeim eða vegna mannvirkjagerðar, en í 42. gr. sömu laga er gert skylt að ganga fisk- og seiðahelt frá veitum úr vatnsföllum, ef við á. Ekki er getið sérlega um tilkynningarskyldu til veiðimálastjóra vegna nefndra aðgerða. Skv. frv. til VAL (2. mgr. 35. gr.) er gert ráð fyrir, að veiðimálastjóri sendi OS tilkynningu um umsóknir um leyfi til gerðar fiskvega eða annarra veiðivatnamannvirkja, sem honum berast. Ljóst er því, að OS verður að vera í nánú samstarfi við veiðimálastjóra, þegar veiðivötn eru annars vegar - og öfugt. Meira en sjö áratugir eru frá því að lög um veiði vatnafiska voru skilin frá vatnalögum 15/1923. Ekki er dregið úr tilliti til þeirra laga í frv. til VAL, heldur gætu ákvæði þess frekar orðið til að efla aðkomu veiðimálastjóra að lögboðnum verkefnum hans, eins og lýst er hér að framan.

*Athugasemd þessi virðist ekki byggja á breytingum frá gildandi lögum í frv. til VAL.*

**b) Ekki er gert ráð fyrir umsögnum eða samþykki veiðifélaga vegna framkvæmda:**

Skv. VIII. kafla (um veiðifélög) 1. 76/1970 hafa veiðifélög ekki umsagnar- né samþykktarrétt vegna framkvæmda í vötnum, umfram það sem sértæk varsla hagsmuna þeirra heimilar. Á þessu er ekki ráðgerð nein breyting í frv. til VAL. Frumvarpið fjallar um vatnið sjálft en ekki um lífríkið í því sem slíkt, né verndun þess eða nýtingu. Það er viðfangsefni 1. 76/1970 (um lax- og silungsveiði), sem eru á forræði landbúnaðarráðuneytisins og er ekki sýnileg ástæða til að ganga lengra þeirra nytja vegna í frv. til VAL en gert hefur verið í þeim lögum og að þeim óbreyttum.

*Athugasemd þessi virðist ekki byggja á breytingum frá gildandi lögum í frv. til VAL.*

**11. Bændasamtök Íslands:** Gerðar eru athugasemdir við sex atriði.

**a) Eignarréttur landeigenda sé fyrir borð borinn:**

Eignarréttur landeigenda til alls vatns á landareign þeirra er kyrfilega staðfestur í frv. til VAL og þó aukinn að því leyti, að dregið er úr heimildum annarra til vatnssóknar í land hans vegna annarra þarfa en til heimilis og bús. *Orkustofnun telur því ekki ástæðu til að verða við athugasemdinni.*

**b) Búsparfir ætti að skilgreina viðari en gert er:**

Miðun búsparfa við kvikfjárrækt eina byggir á því, að sá háttur búskapar felur í sér, eða getur falið í sér, nýtingu gjörvalls eignarlandsins, eftir því sem það er nýtanlegt. Kvikfjárræktinni fylgir eðlilega öll sú afurðavinnsla, sem eðlileg eða venjuleg er á búinu sjálfu. Annar búskapur (fiskeldi, ylraekt, ferðamannaútvegur o.s.frv.) nýtir oftast aðeins lítinn hlut bújarðarinnar, en getur verið stórfelldur atvinnurekstur að öðru leyti, eða þá að veitu neysluhæfs vatns er ekki þörf til hans (skógrækt). Þar er því ekki um hefðbundna nýtingu að ræða, svo sem tíðkast hefur frá upphafi Íslandsbyggðar, né er verið að viðhalda landnýtingu heilla jarða. Að sjálfsögðu er álitamál, hvort viðhalda skuli slíkri landnýtingu yfir höfuð, en rétt var talið að útiloka ekki þann möguleika. Annar búskapur, eins og lýst er hér að framan, er atvinnurekstur án heildarnýtingar jarðar, sem væri þá háður markaðsaðgegn að vatni, eins og hver annar atvinnurekstur (verkstæði, stóriðja) á landareigninni. Ef forgangur skyldi vera til þess vatns í annarra lönd, þá hefði líka nánast öll vatnstaka til atvinnurekstrar öðlast forgang. Bent skal á, að tilgreindur forgangur í frv. til VAL lýtur annars vegar að hömlum á undanskilum vatnsréttinda til heimilis- og búsparfa frá fasteign (ráðherraleyfi) og hins vegar heimild til vatnssóknar í annarra lönd til að mæta þeim þörfum. Talið er eðlilegt, að þar ráði að öðru leyti markaðsaðstæður, þegar tilgreindum forgangspörfum hefur verið fullnægt. Ítarlega er fjallað um forsendur skilgreiningar á búspörf í aths. við 2. gr. í grg. með frv. *Athugasemd þessi getur verið álitamál, en Orkustofnun bendir á, að verði orðið við henni væri um grundvallarbreytingu að ræða frá þeim hugmyndum sem gengið er út frá í frumvarpinu varðandi forgang að vatni*

**c) Netlög ætti að miða við hólma og sker:**

Svo er gert í frv. til VAL, sjá 4. mgr. 11. gr. *Orkustofnun telur athugasemd þessi ekki eiga við.*

**d) Athugasemdir við stjórnsýslulega aðkomu OS:**

Grein hefur verið gerð hér fyrir þessu atriði, en annars vísastaftur til aths. við 35. gr. í grg. með frv. *Orkustofnun telur því ekki ástæðu til að verða við athugasemdinni*

**e) Líta þarf til framtíðarmöguleika auðlinda við mat á eignarnámsbótum:**

Hér mun vera horft til 37. og 38. gr. í frv. til VAL. Vísað er til almennra reglna um eignarnám í 37. gr. Að því leyti, sem slíkar reglur fela í sér verðmætamat vegna framtíðarnýtingar, þá á það við hér líka. Annars gætu verið torkvæði á að setja ákvæði um slíka nýtingu inn í þessi lög ein og sér. Hér er því um að ræða almennt atriði um eignarnámsbætur.

*Orkustofnun telur athugasemd þessa ekki eiga við.*

f) *Ákvæði skortir um vatnsmiðlun í jarðvegi (þ.m.t. endurheimt votlendis):*

Breytingar á vatnsmiðlun í jarðvegi geta haft í för með sér breytingar á vatnsflæði, aurburði vatnsfalla og efnaflæði til þeirra, hvort sem er vegna framræslu eða svokallaðrar "endurheimtar votlendis." Framræsla veldur auknum sveiflum á nefndum þáttum, en uppstíflun afrennslis á upprunalegu votlendi (í endurheimtarskyni) dregur úr slíkum sveiflum. Þessar aðgerðir geta því haft veruleg áhrif á vatnsföll. Aðgerðirnar falla væntanlega undir vatnafarslegar framkvæmdir, sem eru tilkynningaskyldar til OS, og hefur þá OS færi á að setja skilyrði um framkvæmdirnar. Er það í raun jafngildi leyfisumfjöllunar, en þó sá munur á, að ávallt verður að afla leyfis, en skilyrði þarf ekki að setja nema tilefni séu til.

*Orkustofnun telur athugasemd þessa í sjálfu sér eiga rétt á sér, en ákvæði frv. til VAL duga líklega til að mæta þörf hennar.*

Ekki er hér fjallað um fleiri atriði í umsögnunum, en bent skal á, að laga þarf ákvæði 7. gr. laga 76/1970, þar sem vísað er til 7. og 8. gr. í lögum 15/1923, en skv. frv. til VAL yrðu þær greinar leystar af hólmi af 13. gr. og 14. gr. frv., sbr. einnig 10. gr. frv.

Elin Smáradóttir  
lögfræðingur á skrifstofu orkumálastjóra

Freysteinn Sigurðsson  
sérfræðingur á Auðlindadeild